

KIRKJUGARÐARÁÐ

45. fundur haldinn 9. október 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestir fundarins: Frá Ríkisendurskoðun Ingi K. Magnússon og Sveinn Arason og Sigríður Dögg Geirsdóttir.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 14:00.

2. Kynning á gjaldalíkani

Fulltrúum Ríkisendurskoðunar var kynnt gjaldalíkanið sem gekk í gildi 1. janúar 2005 og hvernig staðið er að útteilingu og uppgjöri á fjármagni til hvers kirkjugarðs. Þórsteinn Ragnarsson kynnti líkanið.

Vakin var athygli á misskiptingu sem var á greiðslum til kirkjugarða eftir að gjaldendum fækkaði til sveita. Gerð var grein fyrir að greiðslan byggir m.a. á GPS-uppmælingum á kirkjugörðum landsins, fjölda greftrana og stærð grafarsvæða sem verið er að hirða. Fulltrúum Ríkisendurskoðunar var gefinn kostur á að leggja fram spurningar á meðan á kynningu stóð.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir upplýsingum um hvað fælist í breytilegum kostnaði. Hann felst í grafartöku og bálforum. Umhirða fellur undir fastan kostnað.

Forsendur greiðsluskiptingar eru sem hér segir:

Vægi umhirðu og fasts kostnaðar 80%

Vægi grafartöku og breytilegur kostnaður 18%

Vægi líkbrennslu 2%.

Greiðsla til kirkjugarða er síðan reiknuð í EXCEL-reiknilíkani sem styðst við einingarverð og andlátstölur tveimur árum fyrr. Andlátstölur eru síðan leiðréttar og greitt út í samræmi við þær í árslok. Kirkjugarðaráð ákveður síðan árlega útteilingu fjár til kirkjugarða eftir hugmyndafræði gjaldalíkans KGSÍ.

Fjársýslunni er sent EXCEL-skjal sem sýnir deilingu á 80% fjármagnsins til kirkjugarðanna og greiðir hún mánaðarlega til þeirra samkvæmt skjalinu, vegna umhirðu. Þau 18% sem eftir eru fær kirkjugarðasjóður og er þeirri upphæð deilt á milli kirkjugarða fyrir hverja grafartöku og í samræmi við staðsetningu garðs.

Uppgjör vegna þessa hluta hefur verið í uppnámi vegna þess að erfitt er að fá upplýsingar um grafartöku einstakra garða. Nú í ár var t.d. ekki vitað hvar 150 höfðu verið grafnir á síðasta ári. Um er að ræða verulega upphæð sem nemur um 70-75 þúsund kr. pr. gröf. Var mikil vinna lögð í að fá upplýsingar um greftrunarstaði með því að fara á Hagstofuna og fletta þar í gegnum dánarskýrslur.

Kirkjugarðaráð á í viðræðum við dóms- og kirkjumálaráðuneytið um að sýslumenn færi inn á dánarvottorð hvar jarðsetja á viðkomandi og upplýsingarnar verði síðan færðar inn á *garður.is*. Rætt var um hvernig eðlilegast væri að ferli upplýsinga um greftrunarstaðina verði hagað.

Kirkjugarðaráð óskaði eftir álit Ríkisendurskoðunar um hvernig gerð yrði grein fyrir því sem útaf staði í ársreikningum þar sem yfirleitt væri ekki fullljóst hvert greiðsla fyrir þessar grafir átti að renna fyrir en eftir að ársuppgjöri skyldi lokið.

Fulltrúar ríkisendurskoðunar töldu nægja að gerð yrði grein fyrir tekjunum í næstu ársreikningum sem tekjum sem ekki var gert grein fyrir í ársreikningi fyrra árs. Fulltrúar Ríkisendurskoðunar töldu eðlilegt að vaxtatekjur af peningunum sem liggja inni yrðu til ráðstöfunar fyrir Kirkjugarðaráð og kæmu á móti kostnaði vegna sveiflna í fjölda andláta.

Fulltrúar Ríkisendurskoðunar töldu eðlilegt að senda til sóknarnefnda upplýsingar um fyrir hvaða greftranir hafi verið greitt til að staðfesta að réttir kirkjugarðar fái gjöldin. Og einnig til að kanna hvort upplýsingar frá sýslumönnum séu réttar (kennitölur látinna og í hvaða kirkjugarði er jarðað). Ráðsmenn töldu slíkt erfitt, því ekki sé alltaf vitað hverjir forsvarsmennirnir eru.

Niðurstaðan varð sú að Kirkjugarðaráð sendi Ríkisendurskoðun upplýsingar um kirkjugarða með frávík í EXCEL-skjali og að uppgjör greiðslu kæmi fram í ársreikningi næsta árs.

3. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2005

Sigríður Dögg gerði grein fyrir ársreikningi síðasta árs og óskaði eftir undirskrift ráðsmanna.

Ráðsmenn töldu að ársreikningurinn gæfi ekki rétta mynd af sjóðnum, þar sem ekki væri gerð nógu góð grein fyrir skiptingu greiðslu vegna greftrana. Eðlilegt sé að gera grein fyrir að þetta sé vörslusjóður og hvaða fjármagn renni í gegn og hvað verði eftir til að greiða vegna grafarkostnaðar.

Jafnframt var rætt um hvort í reikningnum ætti að gera grein fyrir að Kirkjugarðaráði er falið að sjá um útdelingu á öllu fjármagni sem kemur til kirkjugarða á fjárlögum, jafnvel þó það fari ekki í gegnum Kirkjugarðasjóð. Slíkt gæfi gleggri mynd af starfsemi sjóðsins.

Kirkjugarðaráð ákvað að Sigríður Dögg útbyggi stutta greinagerð sem útskýrði greiðslu grafarpeninga og myndi greinargerðin fylgja ársreikningi fyrir 2005. Jafnframt var ákveðið að óska eftir umræðu við Ríkisendurskoðun um hvort gera eigi grein fyrir „heildarpúllfunni“ (um 700 millj. kr.) á næsta ári og þá hvernig.

4. Skýrsla um skráningu og mat minningarmarka í Hólavallagarði og staða skráningarmála á landsvísu

Kristín Huld afhenti skráningarskýrslu sem Gunnar Bollason hefur samið um öll minningarmörk í Hólavallagarði. Kristín gerði grein fyrir stöðu mála í skráningarmálum á landsvísu og kostnaði vegna verkefnisins.

5. Endurnýjun á umboði kosinna fulltrúa í Kirkjugarðaráði

Minnt var á að umboð kjörinna fulltrúa í Kirkjugarðaráði rynni út á þessu ári.

6. Önnur mál

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl 16:30.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari